



Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 9. október 2023

Efni: Umsögn um fjárlagafrumvarp fyrir árið 2024

Á árinu 2023 gerðu Sjúkratryggingar Íslands fyrir hönd heilbrigðisráðuneytisins samning við Klíníkin Ármúla um framkvæmd liðskiptaaðgerða. Endómetríósuaðgerðir hafa verið niðurgreiddar af Sjúkratryggingum Íslands síðan í nóvember 2022.

Við upphaf verkefnisins 2023 framkvæmdi Klíníkin um 300 liðskiptaaðgerðir á ári, greiddar af skjólstæðingum sjálfum, en í dag er fyrir séður fjöldi á árinu 2024 um 800, enda biðlistar langir. Forsenda þess að hægt sé að veita þessa auknu þjónustu á næsta ári er þó sú að kostnaðarþátttaka Sjúkratrygginga Íslands verði tryggð á árinu 2024, þar sem mikill meirihluti þessa hóps hefur ekki færi á að greiða fyrir aðgerðirnar úr eigin vasa. Endómetríósuaðgerðirnar eru einnig skjólstæðingum mjög kostnaðarsamar ef þær eru ekki niðurgreiddar af Sjúkratryggingum Íslands.

Miðað við framlagt fjárlagafrumvarp er þó með öllu óljóst hvort verkefninu verði haldið áfram á næsta ári. Mikilvægt er að löggjafinn sé meðvitaður um mikilvægi þess að kostnaðarþátttaka Sjúkratrygginga Íslands haldi áfram, enda afleiðingarnar af þeirri ákvörðun mjög miklar fyrir þann hóp sem þarf á umræddum aðgerðum að halda.

Klíníkin framkvæmir í dag um þriðjung allra liðskiptaaðgerða og langflestar endómetríósuaðgerðir sem framkvæmdar eru á landinu, en fyrir sjáanlega verða liðskiptaaðgerðirnar 715 talsins og endómetríósuaðgerðir um 140 á þessu ári. Í tilfelli liðskiptaaðgerða eru það fleiri aðgerðir en þær sem Landspítalinn framkvæmir. Þrátt fyrir þetta er þörfin svo rík að biðlistar styttest ekki heldur standa í stað. Augljóslega munu þeir lengjast á ný ef dregið verður úr fjölda aðgerða.

Áhrifin af því að fresta þessum aðgerðum felast þó ekki einungis í skertum lífsgæðum þeirra sem þurfa á þeim að halda, heldur einnig auknum langtímakostnaði í framtíðinni, bæði vegna vinnutaps skjólstæðinganna en einnig vegna hættu á að ómeðhöndlaðir kvillar versni með tímanum.

Framkvæmdageta til lengri tíma

Fram til ársins 2030 má búast við 30% stækkun hópsins sem þarf á liðskiptaaðgerðum að halda. Til þess að heilbrigðiskerfið geti tekist á við þá áskorun er nauðsynlegt að framkvæmdagetan verði tryggð. Forsenda þess að Klíníkin geti viðhaldið framkvæmdagetu sinni til að sinna þessum aðgerðum til lengri tíma er kostnaðarþátttaka Sjúkratrygginga Íslands. Að öðrum kosti hafa þeir skjólstæðingar sem aðgerðanna þarfnast þann eina kost að greiða fyrir aðgerðirnar sjálfir og Klíníkin Ármúla þann eina kost að forgangsraða verkefnum með öðrum hætti.

Því er eindregið mælt með því að fjárlaganefnd tryggi að fjárlög komandi árs geri ráð fyrir áframhaldandi fjármögnun Sjúkratrygginga Íslands til kostnaðarþátttöku við fyrrnefndar aðgerðir.

Klíníkin Ármúla er ljúft og skylt að mæta á fund fjárlaganefndar til að ræða málið nánar og svara spurningum nefndarmanna.


Sigurður Ingibergur Björnsson
framkvæmdasjóri

Fylgigögn


Athugið: Dagsetning í skjáskotum er á sniðinu mánuður/dagur/ár en ekki dagur/mánuður/ár.

1. Tölfræði um fjölda sem bíður eftir liðskiptaaðgerð á hné
2. Tölfræði um fjölda sem bíður eftir liðskiptaaðgerð á mjöðm
3. Tölfræði um fjölda liðskiptaaðgerða á hné
4. Tölfræði um fjölda liðskiptaaðgerða á mjöðm


1.



2.



3.



4.

